

LISTIR

Utangarðsmenn í fyrirmyndarsamfélagi



Verk eftir Sæmund Valdimarsson.

Trémyndir Sæmundar á Kjarvalsstöðum

Á KJARVALSSTÖÐUM gefst nú kostur á að sjá verk myndhöggvarans Sæmundar Valdimarssonar. Verk hans hafa náð miklum vinsældum meðal þjóðarinnar fyrir sérstakan stíl. Trémyndir sínar vinnur listamaðurinn úr rekaviðardrumbum og sýna þær ævintýraverur huldheima sem standa landsmönnum nærri í gegnum þjóðtrú og sagnaminni. Myndhöggvarinn, sem fagnaði 85 ára afmæli sínu á dögunum, hefur nú opnað heimasíðu á veraldarvefnum þar sem nálgast má fróðleik um ævi hans og störf.

Slóðin er: <http://www.saemundur-valdis.is>.

Í tengslum við sýninguna, hinn 5. október, verður efnt til námskeiðs í tréskurði í samstarfi við Skógrækt ríkisins.

Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstöðum.

Sýningin stendur til 12. október.

Ólafur Árni fær lof sem Don José



Ólafur Árni Bjarnason

UPPFÆRSLA Staatstheater Braunschweig á óperunni Carmen eftir Georges Bizet undir berum himni í miðborg Braunschweig, hefur fengið afbragðs dóma en Ólafur Árni Bjarnason,

tenór, söng hlutverk Don José í uppfærslunni við afbragðs mótökur.

„Að lokinni sýningunni stóðu sumir frumsýningargestanna á öndinni og svo varð þeim orða vant. Það sem þeir sáu og heyrðu í uppfærslu leikhússins í Braunschweig undir berum himni þetta kvöld gerði þá um stund algerlega orðlausla,“ segir í umsögn *Braunschweiger Zeitung* um uppfærsluna og um Ólaf segir blaðið að hann hafi einnig „heillað sýningargesti með afbragðs leik, fallegri röddu, glæstum hátönnum og miklum krafti“.

hvað vill fólkið?



LEIKLIST

Þjóðleikhúsið

DÝRIN Í HÁLSASKÓGI

Höfundur: Thorbjörn Egner. **Höfundur tónlistar:** Christian Hartmann og Thorbjörn Egner. **Þýðing leiktexta:** Hulda Valtýsdóttir. **Þýðing söngtexta:** Kristján frá Djúpalæk. **Leikstjóri:** Sigurður Sigurjónsson. **Leikmynd:** Brian Pilkington. **Búningar:** Þórunn María Jónsdóttir. **Leikgervi:** Þórunn María Jónsdóttir og Árdís Bjarnþórsdóttir. **Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson. **Sviðshreyfingar:** Ástrós Gunnarsdóttir. **Tónlistarstjóri:** Jóhann G. Jóhannsson. **Hljóðfæraleikarar:** Arna Kristín Einarsson (flauta og piccolo-flauta), Ármann Helgason (klarinett), Guðmundur Pétursson (gítar), Jóhann G. Jóhannsson (píanó), Pétur Grétarsson (slagverk) og Richard Korn (kontrabassi). **Leikarar:** Anna Kristín Arngrímsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Björgvín Franz Gíslason, Brynhildur Guðjónsdóttir, Erna Ósk Arnardóttir, Friðrik Friðriksson, Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir, Hildur Margrét Jóhannsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Kjartan Guðjónsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Pálmi Gestsson, Ragnheiður Lóa Stefánsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Randver Þorláksson, Sigríður Þorvaldsdóttir, Sigurbjartur S. Atlason, Sigurður Þórhallsson, Sindri Már Ágústsson, Sólrún María Arnardóttir, Þróstur Leó Gunnarsson og Örn Árnason. **Laugardagur 13. september.**

Í UPPHAFI þessa leikrits ríkir ööld í Hálsaskógi. Hin smærri dýr eiga fótum fjör að launa undan ásælni rándýrana, Mikka refs, uglunnar og Patta broddgaltar. Eftir að amma Marteins skógarmúsar sleppur fyrir tilviljun úr klóm Patta finnst Marteini kominn tími til að koma á fót samfélagi þar sem farið verður eftir lögum. Vandinn felst í því að lögin taka ekki tillit til þess minnihluta dýranna sem ekki getur nærst af gróðri jarðar (Mikki refur) eða hafa ekki áhuga á að eyða dýrmætum tíma sínum í að safna sér mat (Lilli klifurmús). Leiknum lýkur á því að þessir tveir fyrrverandi fjandmenn vinna saman gegn vá sem steðjar að hinu litla samfélagi, leysa vandann og sanna að þó að þeir falli ekki inn í ramma hins þrönga samfélags þá hafi þeir sannað gildi sitt sem fullgildir meðlimir í því.

Dýrin í Hálsaskógi er best samið þeirra verka norska leikskáldsins Thorbjörns Egners sem hafa verið leikin hér á landi. Verkið er byggt upp af fjölbreyttum og eftirminnilegum atriðum sem öll eru nauðsynlegur hekkur í keðjunni. Samið höfundarins er greinilega með utangarðsmönnum í þessu samfélagi, þeim sem falla utan hóps þeirra sem reyna að fara sérstaklega snemma að sofa til að geta farið sem allra fyrst á fætur á morgnana, svo vitnað sé í ömmu skógarmús. Enda fer ekki framhjá neinum að þeir sem eru frábrugðnir fjöldanum í verkinu eru athyglisverðustu persónurnar.

Það þarf varla að taka fram að Dýrin í Hálsaskógi hafa ásamt öðru verki Egners, Kardimommubænum, haft gróðarleg áhrif á íslenska barnshugi í yfir fjórutíu ár. Dýrin í Hálsaskógi sást fyrst á sviði Þjóðleikhússins 1962 og hljóðritun sem gerð var 1966 er enn fáanleg, síðustu 9 árin á geisladisk. Bók með sögunni og teikningum höfundar hefur einnig verið fáanleg síðan 1978.

Þjóðleikhúsið setur nú þessa sýningu upp í fjórða sinn, hún hefur einnig verið leikin af Leikfélagi Akureyrar auk þess sem leikritið er sennilega það verkefni sem áhuga-leikfélög á landinu taka oftast til sýninga.

Það er ekki einfalt mál fyrir Sigurð Sigurjónsson að takast á hendur leikstjórn þessa verks. Hann verður að standa undir kröfum um að ná á sama tíma að skapa nýja og ferska sýningu án þess að missa tengslin við frumuppfærsluna sem er meitluð í huga stórs hluta þjóðarinnar. Með hjálp Brians Pilkingtons sem hann



Morgunblaðið/Ásdís

„Þessi sýning er frábært dæmi um hvernig er hægt að færa alþekktu, sígilda sýningu í nýjan og ferskan búning án þess að missa sjónar á þeim þáttum hennar sem öfluðu henni vinsælda í upphafi.“

ar leiktjóldin og Þórunnar Maríu Jónsdóttur búningahönnuðar, Jóhann G. Jóhannssonar tónlistarstjóra og Halldórs Arnar Óskarssonar sem hannaði lýsinguna hefur Sigurði tekist hvort tveggja. Hann hefur notað til hins ýtrasta þá möguleika sem hvert atriði fyrir sig gefur og notar hvert tækifæri til að bregða á leik með skrípálátum og hama-gangi ef nokkurt tækifæri gefst til. Það er ekkert til sparað að gera þessa lit- og safaríku sýningu sem best úr garði.

Skógurinn verður í meðförum Brians Pilkingtons töfraveröld ljóss og líta. Laufformið er ráðandi, jafnt á baktjóldunum sem á regnhlíf ömmu skógarmúsar. Svo er brugðið á leik þegar kemur að arkitektúr íverubústaða: bakari Hérasubbbs, greni Mikka og heimili Marteins eru geipilega skemmtilegar byggingar. Sem dæmi um þá natni er lögð er í sýninguna má nefna atriði þar sem Mikki stelur svínslærinu úr skemmunni. Leitað er í smíðju hryllingsmyndasmiða til að skapa víðeigandi umhverfi; þokuslæðingur, fullt tungl og víðeigandi tónlist minna áhorfendur á hve mikil hættuspil er að eiga samskipti við mannfolkíð.

Þróstur Leó Gunnarsson leikur Mikka ref af miklum krafti og útsjónarsemi. Það greip um sig mikil skelfing meðal allra yngstu áhorfendanna þegar hann birtist á sviðinu í upphafi leiks og hræðsla hinna persónanna endurspegladist gjarnan í víðbrögðum í salnum. Annars reynist Mikki í meðförum Þróstar Leós oftast seinheppinn og fyndinn en ógnvekjandi. Hann öðlast á endanum samúð áhorfenda óskipta eftir stórkostlega hetjudáð enda ekki hægt annað en að hrífast af hinum víðkvæma en þrautseiga utangarðsmanni sem Þróstur Leó skapar á sviðinu með þessa líka rymjandi söngrodd. Auk þessa reynir mikil á líkamlega fimi í hlutverkinu, vanur áhættuleikari ætti sennilega fullt í fangi með að taka þarna hvern skellinn á fætur öðrum.

Atli Rafn Sigurðarson er fæddur í hlutverk Lilla klifurmúsar. Hann túlkar vel lífsgleði hans og sköpunarþrá, en jafnframt græðgi hans og sjálfsánægju. Hér er lögð áhersla á þó að Lilli brjóti ekki beint lögin þá er hegðun hans greinilega á skjön við anda laganna. Söngurinn er til fyrirmyndar og verður eins og allt annað Lilla að leik. Gítarsólíð og

rokkaktarnir færðu Lilla svo nær nútímanum og brugðu upp í svipmynd hvar Lilla væri helst að finna í þjóðfélagi okkar.

Kjartan Guðjónsson túlkaði vel reglufestu, smásmygli og tilfinningasemi Marteins skógarmúsar. Þarna er lifandi komið dæmi um baráttumann fyrir almennum réttindum sem er svo lífsins ómögulegt að setja sig í annarra spor að hann treður óafvitandi á þeim sem falla ekki innan þess þrönga ramma sem hann gefur sér um réttægðun og réttþugsun.

Ragnheiður Steindórsdóttir lék ekki bara ömmu skógarmús heldur gegndi hún hlutverki tengiliðs við fortíðina. Búningur, dans, raddbeiting og leikur ömmunnar taka mið af gamla revústílnum sem aðdáendur Nínu Sveinsdóttur í frumuppfærslunni ættu að kannast við. Í raun eru Dýrin í Hálsaskógi að formi til revía, sem kannski skýrir að nokkru leyti hinar gifurlegu vinsældir sem verkið hefur notið í tímans rás. Frammiastaða Ragnheiðar gaf innsýn í og tengsl við þann bakgrunn sem verkið er sprottið úr og er meistaraleg.

Hérasubbubur bakari og bakardrengurinn eru leiknir af Pálma Gestssyni og Friðriki Friðrikssyni. Útlit persónanna og persónusköpun tekur mið af hugmyndum Thorbjörns Egners en þeir félagar Pálmi og Friðrik leika hlutverkin af miklum krafti og innlifun og bæta við smáskotum frá eigin brjósti með frábærum árangri.

Bangsafjölskyldan er leikin af Erni Arnasyni, Lilju Guðrúnu Þorvaldsdóttur og Sigurði Þórhallssyni. Þessar persónur eru frá höfundarins hendi frekar einhliða týpur, útlitið og látbragðið gefur til kynna að þetta séu umfram allt bestu skinn en ekkert umfram það. Það vantaði meiri innlifun í bangsahjónin þegar bangsi litli hvarf, það virtist lítil alvara á bak við kveinstafina en bangsi litli var fullkominn sem hið krúttlega fórnarlamb.

Brynhildur Guðjónsdóttir lék og söng með þrýði hlutverk húsamúsarinnar, sem þrátt fyrir að hún sé smádyr finnst best að borða kjöt. Hún er söngstjarna í leit að aðdáendum og þó að samdráttur hennar og Mikka refs hafi komið áhorfendum í opna skjöldu gefur hann einhverja von um að hlutur Mikka verði skaplegri í framtíðinni en hefðbundin túlkun leikritsins býður upp á.

Björgvín Franz Gíslason var óvenju illilegur sem Patti broddgöltur og átti góða spretti, í orðsins fyllstu merkingu, sem hundurinn Habakúk. Margrét Guðmundsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir léku hin undarlegu hlutverk uglunnar og krákkunnar, sem virðast helst lifandi eftirlitsmyndavalið. Jóhann Sigurðarson lék elginn, tókst vel að sýna stærð hans og stíroleika og tjáði sig fjálglega um hve stærra dýrin líta í raun niður á mýsnar – enn einn punkturinn um að fleira skilji að íbúa Hálsaskógar en á hverju þeir kjósa að nærast. Randver Þorláksson og Anna Kristín Arngrímsdóttir léku manninn og konuna á bænum eins og hægt er að ætlast til af jafn vanþakklátum hlutverkum nema hvað þau virtust af sein í einni innkomunni á sviðið sem setti losara-brag á lokahluta frumsýningarinnar.

Sindri Már Ágústsson, Hildur Margrét Jóhannsdóttir, Sigurbjartur S. Atlason, Erna Ósk Arnardóttir, Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir, Ragnheiður Lóa Stefánsdóttir og Sólrún María Arnardóttir léku mýs og íkornabörn og settu mikinn svip á sýninguna og vöktu óspillta kátínu sýningargesta með uppátækjum sínum.

Hljómveitin náði góðri og oft þéttari sveiflu í þessum alkunum lögum. Hljómlistin í sýningunni var að mestu leyti í hefðbundinni útsetningu sem hæfir revústílnum þó að á stundum sé brugðið á leik í takt við annað í heildarbrag sýningarinnar. Margir búningar Þórunnar Maríu Jónsdóttur tóku t.d. greinilega mið af hugmyndum og stíl höfundar sjálfs þó að hún leyfði sér töluvert frelsi innan þess ramma. Þeir eru gott dæmi um hve vel hefur tekist að sameina í einni sýningu gamalt og nýtt. Annað sem mætti nefna er frábærir söngtextar Kristjáns frá Djúpalæk og kjarnyrta, fallega þýðingin hennar Huldu Valtýsdóttur sem standa enn fullkomlega fyrir sínu og þola alveg að það sé snúð út úr einstaka atriði til að fá útrás fyrir sprellihneigð leikstjóra og leikara.

Þessi sýning er frábært dæmi um hvernig er hægt að færa alþekktu, sígilda sýningu í nýjan og ferskan búning án þess að missa sjónar á þeim þáttum hennar sem öfluðu henni vinsælda í upphafi.

Sveinn Haraldsson